

2. gr.

Framangreind samþykkt sveitarstjórnar Suðureyrarhrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og lögum nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 20. ágúst 1984.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um eftirlitsgjald vegna lyfjaeftirlits fyrir árið 1984.

1. gr.

Gjald það, sem lyfsölum, lyfjagerðum, lyfjaheildsölum og læknum með lyfjasölu ber að greiða fyrir árið 1984, vegna lyfjaeftirlits skv. 52. og 53. gr. lyfjalaga nr. 49 16. maí 1978 skal vera sem hér segir:

	Kr.
I. flokkur	18 000,00
II. flokkur	16 000,00
III. flokkur	14 000,00
IV. flokkur	10 000,00
V. flokkur	7 000,00

2. gr.

Lyfjabúðum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjaldsins, sem hér segir:

I. flokkur:

Keflavíkur Apótek
Laugavegs Apótek
Lyfjabúðin Iðunn
Reykjavíkur Apótek

II. flokkur:

Apótek Austurbæjar
Háaleitis Apótek
Hafnarfjarðar Apótek
Holts Apótek
Ingólfs Apótek
Stjörnu Apótek
Vesturbæjar Apótek

III. flokkur:

Akureyrar Apótek
Borgar Apótek
Garðs Apótek
Kópavogs Apótek
Lyfjabúð Breiðholts
Selfoss Apótek

IV. flokkur:

Akraness Apótek
Apótek Vestmannaeyja
Árbæjar Apótek
Húsavíkur Apótek
Ísafjarðar Apótek
Laugarness Apótek
Stykkishólms Apótek

V. flokkur:

Apótek Austurlands, Seyðisfirði
Apótek Blönduóss
Borgarness Apótek
Dalvíkur Apótek
Egilsstaða Apótek
Hafnar Apótek
Mosfells Apótek
Nes Apótek, Neskaupstað
Norðurbæjar Apótek, Hafnarfirði
Patreks Apótek
Rangár Apótek, Hellu
Sauðárkróks Apótek
Siglufjarðar Apótek
Ölfus Apótek, Hveragerði
Nesapótek, Seltjarnarnesi.

3. gr.

Lyfjagerðum og lyfjaheildsölum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjalds, sem hér segir:

I. flokkur:

Delta hf.
G. Ólafsson hf.
Lyfjaverslun ríkisins
Pharmaco hf.
Stefán Thorarensen hf.

II. flokkur:

Ásgeir Sigurðsson hf.
Hermes hf.

III. flokkur:

Farmasía hf.
H. Ólafsson & Bernhöft
Lyf sf.

4. gr.

Læknar, sem annast lyfjasölu, samkvæmt 4. gr. reglugerðar nr. 271/1983 skulu greiða eftirlitsgjald skv. V. flokki.

5. gr.

Heimilt er að leggja eftirlitsgjald á sjúkrahús. Skulu þá deildaskipt sjúkrahús greiða eftirlitsgjald skv. II. flokki, en önnur skv. V. flokki.

6. gr.

Eftirlitsgjald skal greiða til ríkisféhirðis fyrir 15. október 1984. Gjaldið er lögtakskræft.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 52. og 53. gr. lyfjalaga nr. 49/1978 og tekur gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. ágúst 1984.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.